

um jarðstöð.

Flm.: Ellert B. Schram, Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina fela Landssíma Íslands að reisa jarðstöð með það fyrir augum að bæta fjarskiptasamband við útlönd og gera Ríkisútvarpinu (sjónvarpinu) kleift að komast í beint samband við sjónvarpsstöðvar í Evrópu.

Greinargerð.

Landssími Íslands stendur nú gagnvart því vandamáli, hvernig skuli fullnægja sívaxandi eftirspurn á símarásam milli Íslands og annarra landa. Þar munu einkum koma tvær leiðir til greina: annars vegar að leggja annan sæstreng milli Færeyja og Íslands, en hins vegar að reisa jarðstöð sem kæmi okkur í samband við gervihnetti, en þannig kæmist Ísland í beint samband við flest lönd heimsins.

Samkvæmt áætlunum sérfróðra manna mun kostnaður þessara tveggja leiða vera sambærilegur, en kostirnir við síðarnefndu leiðina mun meiri. Með því að reisa jarðstöð yrði arður Landssímans fliótlega mjög verulegur, sem býddi væntanlega umtalsverða lækkun á afnotagjöldum síma- og telexsambands við útlönd.

Nú eru afnotagjöld af sásíma til Evrópu vegna talsambands við útlönd nær fimmfalt hærri en alþjóðagjöld, miðað við sömu vegalengd og telexgjöld níföld. Það er þó augljóst hagsmunamál viðskiptavina Landssímans að sú leið sé valin að reisa hér jarðstöð í stað þess að leggja sæstreng sem þar að auki yrði skammtímalausn, eins og nú horfir. Jarðstöð mun veita Íslandi umráðarétt yfir samböndum við lönd, sem það hefur bein viðskipti við, til jafns við þau. Öll samningsaðstaða, t. d. um taxa, verður þá sterk.

Hitt er þó ekki síður mikilvægt, að sú leið mundi jafnframt mæta þörfum sjónvarpsins um að komast í beint samband við sjónvarpsstöðvar í Evrópu. Einnhvern viðbótarbúnað þyrfti að setja í stöðina vegna sjónvarpsins og er reiknað með að sá kostnaður næmi um 15 millj. vegna sjónvarpsmóttöku, en samtals um 40 millj. kr., ef unnt ætti að vera að senda sjónvarpsmyndir héðan.

Ríkisútvarpið hefur ekki getað náð sambandi við Evrovisjon-kerfið, og er það útilokað nema gegnum gervihnött. Jarðstöðin gerði þetta kleift.

Íslenska sjónvarpið stendur nú á tímamótum. Það hefur verið starfrækt í tæp 10 ár og er orðið snar þáttur í lífi hvers íslendinga. Sjónvarpið vill mæta þeim kröfum sem til þess eru gerðar hvað fréttapjónustu og myndaefni snertir. Notkun gervihnatta og tækninýjunga hafa gert það kleift að sjónvarpsstöðvar um heim allan hafa tekið upp samvinnu um gagnkvæm viðskipti og efnismiðlun. Ísland hefur ekki verið með í þessu samstarfi nema að takmörkuðu leyti, þar sem hér hefur ekki verið jarðstöð til að taka á móti eða senda frá sér sjónvarpsmyndir. Óhugsandi er að sjónvarpið geti sjálfst reist slíka jarðstöð.

Nú þegar Landssíminn þarf óumflýjanlega að bæta við símarásam milli Íslands og útlanda, opnast möguleiki til að slá tvær flugur í einu höggi, þ. e. að bæta eigin þjónustu og mæta þörfum sjónvarpsins. Ef jarðstöð verður ekki reist nú og önnur leið valin, er fullkomlega ljóst, að möguleikar okkar hér á landi til að komast í beint samband við sjónvarpsstöðvar erlendis eru úr sögunni a. m. k. næstu 10 árin.

Kostnaður við að reisa jarðstöð er nokkurn veginn sá sami og að leggja nýjan sæstreng að viðbættum þeim kostnaði sem áður er getið, en kostirnir yrðu miklum mun meiri innan örfárra ára. Flutningsmenn þessarar tillögu leggja því eindregið til að ríkisstjórnin ákveði að sú leið verði valin og að þegar verði hafist handa.